

Sóknin mín

23. tími



Tilgangur:

Söfnuðurinn er sá staður þar sem við komum saman til að heiðra trú okkar og játa hana. Læra um biskupsdæmi okkar: nöfn sóknanna og hvar þær eru.

Hvað er sókn?

Sókn er samfélag kristinna manna sem tilheyra Kaþólsku kirkjunni og tengist ákveðnu landsvæði. Um er að ræða kristið fólk sem býr á ákveðnu svæði og sinnir trúarlegum verkefnum og móttöku sakramentanna á þessu tiltekna svæði.

„Þið eruð bygging sem hefur að grundvelli postulana og spámennina en Krist Jesú sjálfan að hyrningarsteini.“ Ef. 2:20.

2179. „Sókn er ákveðið samfélag trúaðra sem stofnsett er á varanlegum grunni út frá staðbundinni kirkju. Sóknarpresturinn, sem er hirðir hennar, annast sálgæslu undir valdi viðkomandi biskups., CIC, grein 515 § 1.

Hún er staður þar sem allir hinir trúðu koma saman til að hafa um hönd evkaristíu sunnudagsins. Sóknin innleiðir hjá hinu kristna fólki venjubundna helgisiði og safnar því saman til helgihalds; hún kennir frelsunarfræði Kristis; hún ástundar kærleika Drottins með góðverkum og bróðurkærleika: Þú biður ekki heima með sama hætti og í kirkjunni þar sem samankominn er mikill mannföldi og ákall til Guðs stígur upp sem frá einu stóru hjarta. Og þar er meira að finna - einhug, samlyndi sála, kærleiksbönd og bænir prestanna. (Trúfræðslurit kaþólsku kirkjunnar nr. 2179).

Orðið „Sókn,, kemur úr grísku *Paroika*. Í orðinu *paroika* er *oika*: „hús“. *Paroika* þýðir orðsifjafraeðilega „dvalar- eða búsetutími“. Sögnin *parokein* þýðir: „að búa nálægt, við hlið, að vera tímabundið, að fara í gegnum, í píligrímsferð“. *Paroikaos* er „útlendingurinn með lögheimili“. Margir kristnir höfundar nota sögnina *parokein* til að koma á framfæri hugmyndinni um tímabundna viðveru kristinna manna í heiminum. Á annarri öld verður *Paroika* samheiti við „kristið samfélag“ eða „tiltekna kirkju“.

Sóknin er eins og gosbrunnur þar sem allir koma til að svala þorsta sínum, sagði Jóhannes páfi XXIII. Það er uppspretta lifandi vatns sem Jesús Kristus býður hverjum og einum. Páll VI sagði að „Sóknin hefur afar raunverulegt og nauðsynlegt verkefni; hún verður að skapa fyrsta samfélag kristinna manna“.

Sóknin er staðurinn þar sem hægt er að njóta þjónustu og kærleika allra trúaðra leikmanna. Það eru grundvallarþættir í lífi kirkjunnar. Hún er ekki mannvirki fyrst og

fremst né landsvæði, bygging, samfélag fólks sem gegnir ákveðnum fjölda félagslegra hlutverka; Hún er umfram allt, fjölskylda Guðs, bræðralag sem hefur aðeins eina sál, fjölskylduheimili, bræðralag sem býður alla velkomna; það er samfélag hinna trúuðu. (Sbr. exh. ap. Christifideles Laicis). “

„Á eftir fjölskyldunni er sóknin fyrsti skóli trúar, bæna og siðferðisfræðslu,“ sagði Jóhannes Páll páfi II árið 1985. Sóknin hefur þá köllun að safna saman trúuðum á ákveðnu svæði, án aðgreiningar eftir uppruna, félagslegri stöðu eða aldri; ekki aðeins vegna skyldleika, heldur vegna nándar. Safnið saman börnum Guðs sem auðveldlega væri hægt að tvístra.

Á Íslandi er eitt biskupdæmi, sem heitir Reykjavíkubiskupdæmi.

Núverandi biskup okkar heitir David Tencer.

Og í okkar biskupdæmi eru 8 sóknir, og 14 kapellur.




REYKJAVÍK

KRISTIS KONUNGSSÓKN



VESTURLAND

SÓKN HL. FRANS FRÁ ASSISI



VESTFIRÐIR

SÓKN HL. JÓHANNESAR
POSTULA



NORÐURLAND

HL. PÉTURSSÓKN



AUSTURLAND

HL. ÞORLÁKSSÓKN



BREIÐHOLT OG
SUÐURLAND

MARÍUSÓKN



SUÐURNES


SÓKN HL. JÓHANNESAR PÁLS II



HAFNARFJÖRÐUR

ST. JÓSEFSSÓKN

Merktu sóknarkirkjur á Íslandi inn á landakortið:



Hvaða prestar þjóna í hverri sókn Íslands?